

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 830/2011.

#### 1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Við upphaf náms skal ökukennari eða eftir atvikum ökuskóli ganga úr skugga um að námsheimild hafi verið veitt, sbr. 5. gr.

Varði umsókn um ökuskírteini ökuréttindaflokk sem umsækjandi hefur ekki áður haft ökuskírteini fyrir, skal umsækjandi til undirbúnings ökuþrófi:

1. sækja verklegt nám hjá ökukennara sem hefur löggildingu fyrir þann réttindaflokk,

2. sækja bóklegt nám sem að jafnaði skal fara fram í ökuskóla sem hefur starfsleyfi.

Nám skal fara fram í samræmi við námskrá sem Samgöngustofa setur og ráðherra staðfestir. Ákveða má í námskrá að tiltekinn hluti náms sé fjarnám.

Í námskrá skal kveðið á um skipulag náms og þá aksturshæfni og þekkingu sem umsækjandi þarf að búa yfir til að öðlast ökuskírteini. Leitast skal við að flétta saman bóklegt og verklegt nám.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2024“ í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 1. janúar 2025.

#### 3. gr.

3. másl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II verður svohljóðandi: Framangreint gildir til 1. janúar 2025.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 58. og 62. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 19. desember 2023.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Hermann Sæmundsson.*